






# Ársskýrsla

**2014-2015**








# Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ ........ 3
Nefndir BLÍ ........ 4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2015 ........ 5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2014-2015 ........ 7
Stjórn og framkvæmdastjórn ........ 7
Móta- og dómaramál ........ 7
Fjölmiðlar og samskipti ........ 8
Blakfólk ársins ........ 8
Erlend samskipti ........ 8
Fjármál ........ 8
Framtíðin ........ 8
Skýrsla mótanefndar BLÍ ........ 9
Skýrsla yngriflokka nefndar BLÍ ........ 19
Skýrsla strandblaknefndar ........ 30
Skýrsla landsliðsnefndar 2015 ........ 41
Skýrsla dómaranefndar BLÍ ........ 45
Skýrsla framkvæmdarnefndar Evrópukeppni smáþjóða 2014 ........ 47
Þinggerð Öldungaþings 2015 ........ 50
Ársreikningur 2014 ........ 58
Viðaukar ........ 69
Staða gulra spjalda eftir keppnistímabilið 2014-2015 ........ 69
Yfirlit dómara í úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna ........ 70
Maraþontafla yfir bestu dómara ........ 70
Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ ........ 71
Blakmenn ársins frá upphafi ........ 72
Maraþontafla yfir bestu og efnilegustu leikmenn frá upphafi ........ 72

# Blaksamband Íslands

## 2014-2015

## Stjórn BLÍ

| | |
|---|---|
| **Formaður** | Jason Ívarsson |
| **Varaformaður** | Stefán Jóhannesson |
| **Gjaldkeri** | Aðalsteinn Eymundsson /Dagbjört Víglundsdóttir |
| **Ritari** | Kristján Geir Guðmundsson |
| **Meðstjórnandi** | Hreggviður Norðdahl |
| | |
| **Varastjórn** | Brynja María Ólafsdóttir |
| | Árni Jón Eggertsson |
| | |
| **Framkvæmdastjóri** | Sævar Már Guðmundsson |

# Nefndir BLÍ

**Mótanefnd**
Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Steinn Einarsson
Una Jónatansdóttir
Hlöðver Hlöðversson

**Landsliðsnefnd**
Stefán Jóhannesson
Svala Vignisdóttir
Þórey Haraldsdóttir
Mundína Ásdís Kristinsdóttir
Ásta Sigrún Gylfadóttir

**Dómaranefnd**
Leifur Harðarson
Kristján Geir Guðmundsson
Sævar Már Guðmundsson

**Yngriflokkanefnd**
Guðrún Kristín Einarsdóttir
Ásta Sigrún Gylfadóttir
Friðrika Marteinsdóttir
Emil Gunnarsson
Miglena Apostolova
Sigríður Þórarinsdóttir
Valgeir Hilmarsson
Torfi Rúnar Kristjánsson

**Aganefnd**
Hreggviður Norðdahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

**Strandblaknefnd**
Karl Sigurðsson
Einar Sigurðsson
Ný nefnd:
Rögnvaldur Johnsen
Jóhannes Egilsson
Sigurður Ríkharð Árnason

**Skoðunarmenn reikninga**
Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

**Fjölmiðlafulltrúar**
Stefán Jóhannesson
Jason Ívarsson

**Framkvæmdanefnd fyrir EM Smáþjóða**
Grétar Eggertsson, formaður
Ólafur Jóhann Júlíusson
Jason Ívarsson
Sævar Már Guðmundsson
Ásta Sigrún Gylfadóttir

**Framkvæmdanefnd fyrir Smáþjóðaleikana**
Sævar Már Guðmundsson, formaður
Grétar Eggertsson, greinastjóri blak
Heiðbjört Gylfadóttir, greinastjóri strandblak

# Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2015

| ár | fjöldi | ár | fjöldi | ár | fjöldi | ár | fjöldi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1969 | 206 | 1981 | 2513 | 1993 | 2074 | 2005 | 1624 |
| 1970 | 237 | 1982 | 2519 | 1994 | 1848 | 2006 | 1827 |
| 1971 | 479 | 1983 | 2426 | 1995 | 1961 | 2007 | 1918 |
| 1972 | 649 | 1984 | 2362 | 1996 | 1592 | 2008 | 2076 |
| 1973 | 855 | 1985 | 2362 | 1997 | 1592 | 2009 | 2005 |
| 1974 | 1334 | 1986 | 2775 | 1998 | 1217 | 2010 | 2013 |
| 1975 | 1609 | 1987 | 2955 | 1999 | 1662 | 2011 | 2316 |
| 1976 | 1974 | 1988 | 2906 | 2000 | 1862 | 2012 | 2337 |
| 1977 | 2257 | 1989 | 2869 | 2001 | 1345 | 2013 | 2785 |
| 1978 | 2501 | 1990 | 2718 | 2002 | 1786 | 2014 | 2987 |
| 1979 | 2567 | 1991 | 2567 | 2003 | 1981 | | |
| 1980 | 2579 | 1992 | 2200 | 2004 | 1830 | | |

## Ársþing BLÍ 16. maí 2015

| Íþróttabandalag / Héraðssamband | Merki | Fjöldi iðkenda | Fulltrúar á þingi | Fulltr.v/liða |
|---|---|---|---|---|
| Héraðssambandið Hrafnaflóki | HHF | 14 | 1 | |
| Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu | HSH | 222 | 5 | |
| Héraðssambandið Skarphéðinn | HSK | 224 | 5 | |
| Héraðssamband Vestfirðinga | HSV | 85 | 2 | |
| Héraðssamband Þingeyinga | HSÞ | 150 | 3 | |
| Íþróttabandalag Akraness | ÍA | 27 | 1 | |
| Íþróttabandalag Akureyrar | ÍBA | 208 | 5 | 2 |
| Íþróttabandalag Reykjavíkur | ÍBR | 460 | 10 | 3 |
| Íþróttabandalag Reykjanesbæjar | ÍRB | 33 | 1 | |
| Ungmenna og íþróttasamband Austurlands | ÚÍA | 337 | 7 | 2 |
| Ungmenna og Íþróttasamband Fjallabyggðar | UÍF | 111 | 3 | |
| Ungmennasamband Borgarfjarðar | UMSB | 15 | 1 | |
| Ungmennasamband Eyjafjarðar | UMSE | 70 | 2 | |
| Ungmennasamband Kjalarnesþings | UMSK | 920 | 19 | 6 |
| Ungmennasamband Skagafjarðar | UMSS | 18 | 1 | |
| Ungmennasambandið Úlfljótur | USÚ | 93 | 2 | |
| Samtals | | 2987 | 68 | 13 |

| | |
|---|---|
| Samtals fulltrúar | 81 |

# Dagskrá

## 43. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 16. maí 2015, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

    a) Kjörbréfanefnd
    b) Fjárhagsnefnd,
    c) Laga- og leikreglnanefnd,
    d) Allsherjarnefnd,
    e) Uppstillingarnefnd

4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar síðasta starfsárs
6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
7. Ávarp annarra boðsgesta
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Laga- og leikreglnabreytingar
10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Umræður um framkomin mál og tillögur

**Þinghlé**

12. Nefndarstörf
13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Önnur mál
16. Kosningar;

    a) formanns BLÍ til tveggja ára
    b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
    c) þriggja í varastjórn til eins árs,
    d) tveggja skoðunarmanna reikninga

**Þingslit**

# Skýrsla stjórnar BLÍ 2014-2015

## Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 42. ársþingi BLÍ voru Kristján Geir Guðmundsson og Stefán Jóhannesson kjörnir í stjórn sambandsins til næstu tveggja ára. Fyrir í stjórn voru auk formanns þau Dagbjört Víglundsdóttir og Aðalsteinn Einar Eymundsson. Í varastjórn voru kosin Hreggviður Norðdahl, Árni Jón Eggertsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Varaformaður, Stefán Jóhannesson, gjaldkeri Aðalsteinn Einar Eymundsson, ritari Dagbjört Víglundsdóttir og meðstjórnandi, Kristján Geir Guðmundsson.

Aðalsteinn Einar Eymundsson sagði sig úr stjórn á starfsárinu. Dagbjört Víglundsdóttir tók við starfi gjaldkera og Hreggviður Norðdahl tók sæti hennar í aðalstjórn.

Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi.

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti með tölvubréfum og símtölum.

## Móta- og dómaramál

Að venju var Íslandsmót BLÍ umfangsmikið. Leikið var í þremur deildum karla og 6 deildum kvenna.

Stjórn BLÍ náði samningum við Altís ehf um að vera styrktaraðili Úrvalsdeilda karla og kvenna. Í karladeildinni léku 7 lið og 6 í kvennadeildinni. Fjögur efstu liðin í hvorri deild léku í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil þar sem það þurfti að vinna tvo leiki í undanúrslitum og þrjá leiki í úrslitunum.

Sú nýbreytni var tekin upp að velja úrvalslið fyrri hluta Íslandsmótsins. Verðlaunin voru afhent á blaðamannafundi í desember um leið og blakfólki ársins voru afhent sín verðlaun.

Við lok deildarkeppninnar voru þeim sem valdir voru í Mizuno lið ársins afhent verðlaun á blaðamannafundi þar sem ákveðið var að halda ekki hefðbundna árshátíð líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Úrslitahelgi bikarkeppninnar fór fram í Laugardalshöll. Þar kepptu fjögur lið í undanúrslitum á laugardegi og úrslitin fóru fram á sunnudegi. RÚV sýndi báða úrslitaleikina í beinni útsendingu. Ekki tókst að finna styrktaraðila fyrir bikarkeppnina en Þekking og Kjörís styrktu keppnina vegna sjónvarpsútsendingarinnar.

Dómurum fjölgaði nokkuð á keppnistímabilinu og því gekk betur en oft áður að fá dómara til starfa. Það er samt töluvert langt í land að fjöldi dómara sé nægjanlegur. Þar verða félögin að senda fleiri þátttakendur á þau dómaranámskeið sem eru í boði.

Alþjóðlegir dómarar BLÍ fengu að venju fjölmörg verkefni á starfsárinu.

## Fjölmiðlar og samskipti

Umfjöllun um blak er því miður ekki fyrirferðarmikil í fjölmiðlum. Heimasíða sambandsins svo og heimasíður félaganna eru helstu uppsprettur frétta úr hreyfingunni. Einnig fer hlutur samfélagsmiðla vaxandi í miðlun frétta og annarri umfjöllun. Á tímum vaxandi samkeppni íþróttagreina um takmarkað rými í fjölmiðlum verður það æ mikilvægara fyrir hreyfinguna alla að koma eins miklu fréttaefni frá sér eins og unnt er. Mbl.is og Textavarpið birta yfirleitt þær fréttir sem þeim eru sendar en það á því miður ekki við um flesta aðra fjölmiðla.

RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum í bikarkeppni karla og kvenna en þá útsendingu þarf að greiða fyrir fullu verði. Þá fer þeim leikjum fjölgandi sem sporttv.is sendir út.

Úrslitakeppnin fékk óvenju mikla umfjöllun í fjölmiðlum enda var hún spennandi til síðasta leiks.

## Blakfólk ársins

Hafsteinn Valdimarsson var valinn blakmaður ársins. Hafsteinn leikur með Marienelyst í Danmörku og varð bæði bikar- og Danmerkurmeistari með liðinu. Hann var valinn besti miðjumaðurinn í dönsku deildinni auk þess að vera burðarás í íslenska landsliðinu.

Elísabet Einarsdóttir úr HK var valin blakkona ársins. Elísabet varð bikarmeistari með liði sínu auk þess að vera valin efnilegasti leikmaður deildarinnar. Elísabet keppti í dönsku mótaröðinni og stóð sig mjög vel í þeirri keppni þar sem hún var valin efnilegasti leikmaðurinn.

## Erlend samskipti

Jason Ívarsson, formaður BLÍ, sótti þing Alþjóðasambandsins FIVB sem var haldið á Sardiníu. Einnig fór hann á ársþing Evrópusambandsins CEV sem var haldið í Tyrklandi. Þar sótti hann einnig aðalfund NEVZA og SCD.

Framkvæmdastjóri BLÍ fór á tæknifund NEVZA í Finnlandi.

## Fjármál

Velta sambandsins jókst á milli ára og var rúmlega 42 milljónir á síðasta ári og reksturinn kom út réttu megin við núllið. Það er ásættanlegt þegar tekið er tillit til þess að sambandið réðst í stærsta verkefni sitt frá upphafi þegar undankeppni Evrópumóts Smáþjóða var haldin hér á landi.

## Framtíðin

Iðkendum íþróttarinnar heldur áfram að fjölga og eru þeir orðnir nær þrjú þúsund. Framtíð íþróttarinnar byggist á því að fá fleiri unga iðkendur til liðs við hana. Félögunum í landinu gengur misvel að fá þá til sín enda er samkeppnin á milli íþróttagreina mikil.

Blaksambandið og félögin í landinu hafa það sameiginlega markmið að gera íþróttina áhugaverða og eftirsóknarverða fyrir þátttakendur, áhorfendur og fjölmiðla.

Í samvinnu við landsliðsþjálfara kvenna tók stjórn BLÍ þá ákvörðun að beina kröftum og athygli að 14 og 15 ára stúlkum. Fyrirhugað er að þessi hópur æfi reglulega á sínum heimaslóðum og hittist svo þess

á milli á sameiginlegum æfingum. Þetta fyrirkomulag á svo að ganga áfram þannig að leikmenn á þessum aldri fái sem besta tilsögn og kennslu þegar þeir eru á þeim aldri þegar hvað best er að móta hæfileika þeirra. Á vordögum er svo fyrirhugað að fara af stað með samskonar verkefni fyrir drengi.

Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum og öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta stafsári fyrir gott samstarf og hvetur til áframhaldandi vinnu á þeirri braut.

Stjórn Blaksambands Íslands

# Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2014-2015 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson skipaður formaður mótanefndar BLÍ og með honum í nefndinni voru Una Kristjana Jónatansdóttir, Steinn Einarsson og Hlöðver Hlöðversson. Sævar Már Guðmundsson var starfsmaður nefndarinnar og sat alla formlega fundi sem reyndar var ekki nema einn. Nefndarmenn höfðu þess í stað mikil samskipti með símtölum og tölvubréfum. Samstarfið gekk vel og var nefndin samstíga í öllum málum utan eins. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess hvar skyldi halda undankeppni Bikarkeppni BLÍ í blaki haustið 2014. Var því bæði áliti meiri hlutans og minni hlutans skilað til stjórnar BLÍ sem tók svo ákvörðun um keppnisstað.

Fyrir keppnistímabilið 2014-2015 var félögum gefinn frestur til 5. júlí 2014 til þess að staðfesta þátttöku í Úrvaldeild og deildakeppni og sækja um mótahald fyrir leiktímabilið. Þá kom í ljós að kvennaliðin yrðu sex en karlaliðunum fjölgaði um eitt frá árinu áður því Fylkir ákvað skrá lið sitt til keppni í Úrvalsdeild. Upp úr miðjum júlí lá fyrir að að 72 lið myndu taka þátt deildakeppni BLÍ, 56 kvennalið og 16 karlalið auk þeirra 13 liða sem skráðu sig í Úrvalsdeild. Þetta var fjölgun um tvö karlalið og þrjú kvennalið. Þessi lið staðfestu samt ekki öll þátttöku sína fyrir 1. ágúst og eitt lið mætti svo ekki til leiks í 2. deild suður um haustið. Þegar upp var staðið tóku 65 lið þátt í deildakeppninni og því fækkaði liðunum um tvö kvennalið í heildina miðað við keppnistímabilið 2013-2014. Leikið var í sex deildum í kvennaflokki og þremur deildum í karlaflokki. Úrvalsdeild og 1. deild voru leiknar á landsvísu en deildir 2-3 þar fyrir neðan landshlutaskiptar í suður og austur. Deildir 4 og 5 voru ekki landshlutaskiptar en þar kepptu einungis lið sem annars hefðu verið skráð í suðurhluta. Liðin á Vesturlandi kepptu í suðurdeildunum og sérstakt fagnaðarefni var að liðum á norðurlandi fjölgaði um tvö. Það skapaði reyndar nokkur leiðindi þegar kom að úthlutun móta (túrneringa) og ljóst að breyta verður nafni landshlutadeildar suður eða taka skýrt fram að þar geti einnig verið lið af vestur- og norðurlandi.

Á fundi formanns mótanefndar, formanns og framkvæmdastjóra BLÍ þann 15. júlí var lögð fram tillaga að úthlutun móta keppnistímabilsins.Við slíka úthlutun var, eins og undanfarin ár, haft að leiðarljósi að breiða út íþróttina með því úthluta mótum á staði sem ekki höfðu haldið mót áður. Einnig var horft til þess hversu langt var liðið frá því að lið/staður hefði haldið mót síðast. Þessi úthlutun var samþykkt á fundi stjórnar BLÍ 19. ágúst og kynnt félögunum í kjölfarið. Vegna þess að landshlutadeildin bar nafnið suður komu kvartanir vegna þess að eitt mótið (túrneringin) fór norður á Siglufjörð. Mótanefnd og stjórn BLÍ breyttu ekki ákvörðunum sínum en mótanefnd mun kveða skýrar á um mögulega mótsstaði í framtíðinni. Drög að viðburðadagatali voru gefin út þann 11. ágúst.

Óskað var eftir skráningum í bikarkeppni BLÍ 12. september og skráðu 14 lið sig til leiks, sjö af hvoru kyni. Í ljósi þess var ákveðið að halda eina undankeppni í stað tveggja eins og verið hefur og sóttust bæði Afturelding í Mosfellsbæ og Þróttur í Neskaupsstað eftir að halda undankeppnina. Miklar umræður sköpuðust í mótanefnd um hvor staðurinn skyldi verða fyrir valinu því mjög svipaður tími hafði liðið frá því að þau héldu þetta mót síðast (Afturelding hélt undankeppni um haustið og Þróttur

um veturinn keppnisitímabilið 2012-2013). Meiri hluti mótanefndar vildi varpa hlutkesti um hvor staðurinn yrði fyrir valinu en minni hlutinn vildi Mosfellsbæ því lengra væri síðan Afturelding hefði haldið undankeppni. Stjórn BLÍ valdi hins vegar Neskaupstað sem keppnistað með þeim rökum að úrslitakeppnin færi fram í Laugadalshöll og venja væri að a.m.k. ein undankeppni færi fram á landsbyggðinni. Þessi ákvörðun dró þann dilk á eftir sér að lið hótuðu að draga sig úr keppni færi mótið fram á Neskaupstað. Reyndar buðust liðin á höfuðborgarsvæðinu til þess að greiða niður ferðakostnað Þróttar í Neskaupstað og KA í undankeppnina. Undankeppnin fór engu að síður fram í Neskaupstað og á endanum fór það svo að tvö kvennalið og eitt karlalið drógu sig úr keppninni. Úrslitahelgin var eins og mörg undanfarin ár í Laugardalshöll. Dómaranefnd skipaði línuverði og dómara en stjórn BLÍ samdi við blakdeild Aftureldingar að taka að sér umsjón leikjanna. Veitingasalan var í umsjá blakdeildar Fylkis sem einnig kom að lagningu gólfs og tiltekt í Laugardalshöll. Öllum þeim sem komu að undirbúningi, skipulagningu og vinnu við bikarhelgina færðar sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Í vetur fóru fram 561 opinber blakleikur, 530 leikir í deildum og úrslitakeppni og 31 leikur í Bikarkeppnini. Þetta er fækkun um 65 leiki frá leiktímabilinu á undan.

**Haustmót BLÍ**

Fylkir sáu um Haustmót BLÍ árið 2014. Mótið var haldið í Fylkishöllinni í Árbæ. Tuttugu og tvö lið tóku þátt í mótinu, sex karlalið og 16 kvennalið í þremur deildum. Landslið Íslands 18 ára og yngri (U19) var Haustmótsmeistari karla og Afturelding Haustmótsmeistari kvenna.

**Mizunodeild kvenna**

Sex lið voru skráð til leiks og léku þau fjórfalda umferð, heima og heiman. Fyrsti leikur deildarinnar var þann 19. september 2014 og sá síðasti 27. mars 2015. Deildarmeistarar 2015:  Afturelding.

*Lokastaða þann 27. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Afturelding | 20 | 60 | 5 | 1579 | 1046 | 12.00-1.51 | 59 |
| 2. | HK | 20 | 47 | 25 | 1610 | 1423 | 1.88-1.13 | 43 |
| 3. | Stjarnan | 20 | 45 | 29 | 1642 | 1512 | 1.55-1.09 | 39 |
| 4. | Þróttur N | 20 | 25 | 43 | 1366 | 1487 | 0.58-0.92 | 21 |
| 5. | Þróttur R. | 20 | 22 | 52 | 1396 | 1659 | 0.42-0.84 | 13 |
| 6. | KA | 20 | 14 | 59 | 1253 | 1719 | 0.24-0.73 | 5 |

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var María Rún Karlsdóttir Þrótti Neskaupsstað með 280 stig en hún var einnig stigahæst í sókn með 228 stig. Stigahæstu leikmenn í uppgjöfum voru Ásthildur Gunnarsdóttir Stjörnunni,  Sunna Þrastardóttir Þrótti Reykjavík og Laufey Karlsdóttir HK, allar með 41 stig. Stigahæsti leikmaðurinn í hávörn var Fjóla Rut Svavarsdóttir Aftureldingu með 55 stig. Yfirlit stigaskor leikmanna er hægt að finna á heimasíðu BLÍ.

**Úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil kvenna**

Leikin var úrslitakeppni milli fjögurra efstu liða Mizunodeildarinnar. Leikið var með hefðbundnu sniði þar sem liðið í efsta sæti mætti liðinu í 4. sæti í undanúrslitum og 2. og 3. sætið léku saman. Vinna þurfti tvo leiki til að komast í úrslitaviðureignina en þar var leikið upp á þrjá unna leiki.

HK hampaði Íslandsmeistaratitlinum í blaki kvenna árið 2015. Liðið mætti Stjörnunni í undanúrslitum og vann þá rimmu í tveimur leikjum. Afturelding og Þróttur Neskaupsstað háðu tvo leiki um hitt sætið

í undanúrslitum og Afturelding vann báða leikina og komst í úrslit. Við tók 5 leikja háspenna milli HK og Aftureldingar og Mosfellingar með heimaleikjarétt. Fyrir fullri stúku áhorfenda í oddaleiknum hafði HK betur 3-2 og hampaði titlinum eftirsótta.

*Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni kvenna:*

| *Dags.* | *Heimalið* | *Útilið* | *Völlur* | *Úrslit* |
|---|---|---|---|---|
| 11.4.2015 | Afturelding | Þróttur N | Varmá | 3-0 (25-11, 25-16, 25-14) |
| 11.4.2015 | HK | Stjarnan | Fagrilundur | 3-1 (18-25,25-23,25-20,25-22) |
| 13.4.2015 | Þróttur N | Afturelding | Neskaupstaður | 0-3 (18-25, 10-25, 17-25) |
| 13.4.2015 | Stjarnan | HK | Varmá | 2-3 (25-21,12-25,26-24,21-25,13-15) |
| 18.4.2015 | Afturelding | HK | Varmá | 2-3 (25-19, 23-25, 19-25, 25-11, 11-15) |
| 20.4.2015 | HK | Afturelding | Fagrilundur | 1-3 (15-25,25-15,12-25,20-25) |
| 23.4.2015 | Afturelding | HK | Varmá | 3-0 (25-20, 25-7, 25-16) |
| 26.4.2015 | HK | Afturelding | Fagrilundur | 3-1 (25-23,25-20,20-25,25-18) |
| 28.4.2015 | Afturelding | HK | Varmá | 2-3 (23-25,25-22,22-25,26-24,5-15) |

**Íslandsmeistarar HK 2015:**

Laufey Björk Sigmundsdóttir, fyrirliði, Natalia Ravva, Hanna María Friðriksdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Edda Björk Ásgeirsdóttir, Ventseslava Marinova, Herborg Vera Leifsdóttir, Fríða Sigurðardóttir, Elísabet Einarsdóttir, Guðbjörg Valdimarsdóttir, Steinunn Helga Björgólfsdóttir, Guðný Rut Guðnadóttir, Einar Sigurðsson, þjálfari, Þórey Haraldsdóttir, aðstoðarþjálfari, Emil Gunnarsson, aðstoðarþjálfari.

**Mizunodeild karla**

Alls voru sjö þátttökulið í Mizunodeild karla og var leikin tvöföld umferð. Fyrstu leikir voru 3. október 2014 og síðasti leikur 28. mars 2015. Deildarmeistarar í Mizunodeild karla 2015 var lið HK.

*Lokastaðan þann 28. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | HK | 12 | 36 | 5 | 996 | 701 | 7.20-1.42 | 35 |
| 2. | Stjarnan | 12 | 31 | 13 | 1066 | 899 | 2.38-1.19 | 28 |
| 3. | Þróttur N | 12 | 27 | 18 | 986 | 944 | 1.50-1.04 | 23 |
| 4. | KA | 12 | 24 | 23 | 1018 | 1001 | 1.04-1.02 | 19 |
| 5. | Afturelding | 12 | 11 | 31 | 758 | 968 | 0.35-0.78 | 8 |
| 6. | Þróttur R | 12 | 13 | 32 | 911 | 1039 | 0.41-0.88 | 7 |
| 7. | Fylkir | 12 | 13 | 33 | 896 | 1079 | 0.39-0.83 | 6 |

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Róbert Karl Hlöðversson Stjörnunni með 208 stig. Róbert var einnig stigahæstur í sókninni með 181 stig. Piotr Kempisty, KA var með flest stig úr uppgjöfum eða 26 stig. Stigahæstur í hávörn var Ágúst Máni Hafþórsson HK með 39 stig. Yfirlit yfir stigaskor leikmanna má finna á heimasíðu BLÍ.

**Úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil karla**

Fjögur efstu lið Mizunodeildarinnar léku til úrslita. Leikið var með hefðbundnu sniði þar sem liðið í efsta sæti mætti liðinu í 4. sæti í undanúrslitum og 2. og 3. sætið léku saman. Vinna þurfti tvo leiki til að komast í úrslitaviðureignina en þar var leikið upp á þrjá unna leiki.

HK hampaði Íslandsmeistaratitlinum í blaki karla fjórða árið í röð. Liðið mætti KA í undanúrslitum og vann 2-0 í leikjum. Stjarnan mætti Þrótti Neskaupstað í hinni undanúrslitaviðureigninni og vann einnig 2-0 í leikjum. HK og Stjarnan mættust í úrslitum og rétt eins á síðasta keppnistímabili en HK þurfti ekki nema þrjá leiki til að knýja fram sigur. Síðasti leikurinn fór fram á heimavelli HK þann 22. apríl 2015.

*Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni karla:*

| *Dags.* | *Heimalið* | *Útilið* | *Völlur* | *Úrslit* |
|---|---|---|---|---|
| 8.4.2015 | HK | KA | Fagrilundur | 3-2 (25-27,25-19,25-21,23-25,15-10) |
| 8.4.2015 | Stjarnan | Þróttur N | Ásgarður | 3-0 (25-23,25-17,25-19) |
| 10.4.2015 | KA | HK | KA Heimilið | 0-3 (15-25,18-25,20-25) |
| 10.4.2015 | Þróttur N | Stjarnan | Neskaupstaður | 1-3 (18-25,22-25,25-20,12-25) |
| 17.4.2015 | HK | Stjarnan | Fagrilundur | 3-1 (25-22,27-25,22-25,25-21) |
| 19.4.2015 | Stjarnan | HK | Ásgarður | 0-3 (18-25,23-25,20-25) |
| 22.4.2015 | HK | Stjarnan | Fagrilundur | 3-1 (25-19,26-28,27-25,25-20) |

**Íslandsmeistarar HK 2015:**

Lúðvík Már Matthíasson, fyrirliði, Brynjar Júlíus Pétursson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Fannar Grétarsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Andris Orlovs, Andreas Hilmir Halldórsson, Elías Rafn Ólafsson, Ágúst Máni Hafþórsson, Felix Þór Gíslason, Arnar Birkir Björnsson, Kári Hlynsson, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, þjálfari, Máni Matthíasson, aðstoðarþjálfari, Leifur Harðarson, aðstoðarþjálfari.

**Árs- og uppskeruhátíð BLÍ**

Engin árs- og uppskeruhátíð BLÍ var haldin að þessu sinni og hefur verið talað um að fresta þeim viðburði fram á haust 2015. Engu að síður var haldinn blaðamannafundur 30. mars 2015 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þar sem verðlaun voru veitt fyrir árangur vetrarins. Auk þeirra verðlauna sem búið er að geta hér að ofan voru veitt verðlaun fyrir bestu og efnilegustu leikmenn tímabilsins sem og bestu kantleikmenn, miðjuleikmenn, uppspilara, díó, móttakara, frelsingja og þjálfara í liði ársins. Þá var og útnefndur besti dómari tímabilsins.

**Lið ársins í Mizunodeild karla 2014-2015**

Kantur: Róbert Karl Hlöðversson, Stjörnunni
Miðja: Fannar Grétarsson, HK
Uppspilari: Filip Szewczyk, KA
Díó: Piotr Kempisty, KA
Móttaka: Matthías Haraldsson, Þrótti Neskaupstað
Frelsingi: Stefán Gunnar Þorsteinsson, HK
Þjálfari: Filip Szewczyk, KA

**Lið ársins í Mizunodeild kvenna 2014-2015**

Kantur: Zaharina Filipova, Aftureldingu
Miðja: Fjóla Rut Svavarsdóttir, Aftureldingu
Uppspilari: Miglena Apostolova, Aftureldingu
Díó: Laufey Björk Sigmundsdóttir, HK
Móttaka: Velina Apostolova, Aftureldingu
Frelsingi: Kristina Apostolova, Aftureldingu
Þjálfari: Matthías Haraldsson, Þrótti Neskaupstað

**Efnilegustu leikmenn tímabilsins**

- María Rún Karlsdóttir, Þrótti Neskaupstað
- Kolbeinn Tómas Jónsson, Aftureldingu

**Bestu leikmenn tímabilsins**

- Zaharina Filipova, Afureldingu
- Lúðvík Már Matthíasson, HK

**Besti dómari tímabilsins**

- Kristján Geir Guðmundsson

**Deildakeppni**

**1. deild karla**

Aðeins voru fjögur lið í 1. deild karla á þessari leiktíð. Leikin var fjórföld umferð. Keppni stóð yfir frá 6. október til 16. mars. Hrunamenn hömpuðu deildarmeistaratitli í 1. deild karla 2015, þriðja árið í röð.

*Lokastaðan 16. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Hrunamenn | 12 | 33 | 8 | 980 | 816 | 4.13-1.20 | 32 |
| 2. | HK B | 12 | 23 | 18 | 917 | 872 | 1.28-1.05 | 20 |
| 3. | Hamar | 12 | 23 | 25 | 1048 | 1041 | 0.92-1.01 | 18 |
| 4. | Fylkir B | 12 | 7 | 35 | 817 | 1033 | 0.20-0.79 | 2 |

*Úrslit einstakra leikja má finna á [www.blak.is](www.blak.is)*

Átta lið tóku þátt í 1. deild kvenna þetta leiktímabil. Leikin var tvöföld umferð. Keppni hófst 28. september og voru síðustu leikir 27. mars. Afturelding B vann deildina en Stjarnan A og Bresi féllu um deild.

*Lokastaðan 27. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Afturelding B | 14 | 36 | 13 | 1165 | 947 | 2.77-1.23 | 34 |
| 2. | HK B | 14 | 37 | 16 | 1205 | 1028 | 2.31-1.17 | 31 |
| 3. | Ýmir | 14 | 38 | 20 | 1299 | 1199 | 1.90-1.08 | 31 |
| 4. | UMFG | 14 | 31 | 22 | 1202 | 1101 | 1.41-1.09 | 27 |
| 5. | Álftanes | 14 | 23 | 31 | 1125 | 1186 | 0.74-0.95 | 16 |
| 6. | Fylkir | 14 | 19 | 32 | 1084 | 1169 | 0.59-0.93 | 13 |
| 7. | Stjarnan A | 14 | 15 | 35 | 1018 | 1135 | 0.43-0.90 | 10 |
| 8. | Bresi | 14 | 8 | 38 | 778 | 1111 | 0.21-0.70 | 6 |

*Úrslit einstakra leikja má finna á [www.blak.is](www.blak.is)*

Deildakeppni í 2. deild og neðar er leikið í mótafyrirkomulagi þar sem vinna þarf tvær hrinur. Leikin er tvöföld til fimmföld umferð yfir veturinn eftir fjölda liða í deild en liðin hittast á þremur helgum þar sem spilaðir eru 4-6 leikir á sömu helginni. Lokastaðan kemur hér í upptalningu í deildunum en að jafnaði fara tvö lið upp úr hverri deild og tvö falla.

*Lokastaða í 2. deild kvenna 1. mars 2015.*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Skellur | 16 | 32 | 5 | 851 | 598 | 6.40-1.42 | 43 |
| 2. | Hamar | 16 | 26 | 12 | 819 | 659 | 2.17-1.24 | 35 |
| 3. | Afturelding C | 16 | 22 | 16 | 783 | 671 | 1.38-1.17 | 28 |
| 4. | Þróttur Rc | 16 | 20 | 19 | 796 | 736 | 1.05-1.08 | 26 |
| 5. | Umf. Hrunamenn | 16 | 19 | 19 | 788 | 693 | 1.00-1.14 | 24 |
| 6. | Fylkir B | 16 | 18 | 19 | 777 | 696 | 0.95-1.12 | 24 |
| 7. | HK C | 16 | 16 | 24 | 805 | 774 | 0.67-1.04 | 18 |
| 8. | UMFL | 16 | 14 | 21 | 717 | 709 | 0.67-1.01 | 18 |
| 9. | Stjarnan C | 16 | 0 | 32 | 0 | 800 | 0.00-0.00 | 0 |

*Lokastaða í 2. deild kvenna Austur 14. febrúar 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Þróttur Nb | 8 | 15 | 4 | 429 | 315 | 3.75-1.36 | 15 |
| 2. | Höttur | 8 | 12 | 7 | 402 | 335 | 1.71-1.20 | 12 |
| 3. | Huginn | 8 | 9 | 9 | 354 | 352 | 1.00-1.01 | 9 |
| 4. | Þróttur Nc | 8 | 6 | 10 | 295 | 356 | 0.60-0.83 | 6 |
| 5. | Leiknir | 8 | 2 | 14 | 268 | 390 | 0.14-0.69 | 2 |

*Lokastaða í 2. deild karla 1. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fylkir V | 16 | 27 | 14 | 877 | 778 | 1.93-1.13 | 33 |
| 2. | Skellur | 16 | 24 | 15 | 849 | 760 | 1.60-1.12 | 30 |
| 3. | Stjarnan 3 | 16 | 21 | 19 | 836 | 814 | 1.11-1.03 | 25 |
| 4. | UMFL | 16 | 18 | 22 | 792 | 850 | 0.82-0.93 | 21 |
| 5. | HK C | 16 | 10 | 30 | 728 | 880 | 0.33-0.83 | 11 |

*Lokastaða í 2. deild karla Austur 14. febrúar 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Sindri | 8 | 16 | 2 | 419 | 301 | 8.00-1.39 | 16 |
| 2. | Huginn | 8 | 12 | 6 | 393 | 327 | 2.00-1.20 | 12 |
| 3. | Þróttur Nb | 8 | 10 | 7 | 371 | 369 | 1.43-1.01 | 10 |
| 4. | Leiknir | 8 | 5 | 12 | 342 | 374 | 0.42-0.91 | 5 |
| 5. | Þróttur Nc | 8 | 0 | 16 | 249 | 403 | 0.00-0.62 | 0 |

*Lokastaða í 3. deild kvenna 15. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | HK G | 14 | 27 | 3 | 707 | 525 | 9.00-1.35 | 39 |
| 2. | HK F | 14 | 23 | 9 | 710 | 613 | 2.56-1.16 | 31 |
| 3. | Dímon-Hekla | 14 | 22 | 11 | 691 | 590 | 2.00-1.17 | 29 |
| 4. | Stjarnan B | 14 | 17 | 14 | 649 | 605 | 1.21-1.07 | 23 |
| 5. | Álftanes B | 14 | 15 | 17 | 666 | 621 | 0.88-1.07 | 20 |
| 6. | UMFG C | 14 | 11 | 22 | 589 | 727 | 0.50-0.81 | 13 |
| 7. | Afturelding D | 14 | 7 | 25 | 583 | 710 | 0.28-0.82 | 8 |
| 8. | Fylkir C | 14 | 5 | 26 | 525 | 729 | 0.19-0.72 | 5 |

*Lokastaða í 3. deild kvenna Austur 14. febrúar 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Sindri | 9 | 16 | 2 | 441 | 322 | 8.00-1.37 | 16 |
| 2. | Þróttur Ne | 9 | 14 | 7 | 440 | 391 | 2.00-1.13 | 14 |
| 3. | Valur | 9 | 5 | 15 | 351 | 460 | 0.33-0.76 | 5 |
| 4. | Leiknir B | 9 | 5 | 16 | 404 | 463 | 0.31-0.87 | 5 |

*Lokastaða í 4. deild kvenna 15. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Umf. Glói (Súlur) | 14 | 28 | 2 | 731 | 472 | 14.00-1.55 | 40 |
| 2. | HK H | 14 | 24 | 9 | 738 | 575 | 2.67-1.28 | 32 |
| 3. | Umf. Hrunamenn B | 14 | 17 | 13 | 624 | 570 | 1.31-1.09 | 24 |
| 4. | Grótta | 14 | 19 | 16 | 690 | 681 | 1.19-1.01 | 23 |
| 5. | Bresi B | 14 | 17 | 16 | 661 | 694 | 1.06-0.95 | 22 |
| 6. | Álftanes C | 14 | 11 | 22 | 628 | 721 | 0.50-0.87 | 14 |
| 7. | HK E | 14 | 7 | 24 | 542 | 706 | 0.29-0.77 | 8 |
| 8. | Fylkir D | 14 | 4 | 25 | 490 | 685 | 0.16-0.72 | 5 |

*Lokastaða í 5. deild kvenna 15. mars 2015*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMF Glói (Skriður) | 14 | 28 | 2 | 713 | 443 | 14.00-1.61 | 40 |
| 2. | Kormákur (Birnur) | 14 | 21 | 12 | 724 | 602 | 1.75-1.20 | 27 |
| 3. | HK d | 14 | 20 | 12 | 682 | 596 | 1.67-1.14 | 27 |
| 4. | Þróttur R D | 14 | 18 | 14 | 676 | 621 | 1.29-1.09 | 24 |
| 5. | ÍBV | 14 | 17 | 17 | 672 | 650 | 1.00-1.03 | 22 |
| 6. | Hamar B | 14 | 14 | 19 | 647 | 645 | 0.74-1.00 | 17 |
| 7. | Fylkir E | 14 | 6 | 25 | 387 | 715 | 0.24-0.54 | 7 |
| 8. | Þróttur Rb | 14 | 3 | 26 | 428 | 657 | 0.12-0.65 | 4 |

*Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is*

**Bikarkeppnin 2014-2015**

Keppt var í hinni árlegu bikarkeppni BLÍ á leiktímabilinu í 41. sinn. Ekki náðist að selja nafn keppninnar að þessu sinni en styrktaraðilar komu þó inn í kringum úrslitahelgina sem gerði BLÍ kleift að sýna leikina í beinni útsendingu á netinu og í sjónvarpi. Allir undanúrslitaleikirnir voru sýndir á www.sporttv.is og úrslitaleikirnir báðir á aðalrás RÚV.

Alls tóku 11 lið þátt í bikarkeppninni að þessu sinni, fimm kvennalið og sex karlalið. Einungis var haldin ein undakeppni sem fór fram í íþróttahúsinu í Neskaupsstað. Fjögur efstu liðin af hvoru kyni komust í undanúrslitin. Í karlakeppninni sigraði KA í öllum sínum leikjum án þess að tapa hrinu og Afturelding tapaði bara einni hrinu kvennamegin.

*Lokastaða 23. nóvember 2014 í undankeppni í karlaflokki*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KA | 5 | 10 | 0 | 251 | 212 | -1.18 | 15 |
| 2. | HK | 5 | 8 | 5 | 286 | 235 | 1.60-1.22 | 9 |
| 3. | Þróttur N | 5 | 7 | 7 | 264 | 270 | 1.00-0.98 | 7 |
| 4. | Stjarnan | 5 | 5 | 6 | 228 | 230 | 0.83-0.99 | 7 |
| 5. | Þróttur R | 5 | 4 | 8 | 239 | 271 | 0.50-0.88 | 5 |
| 6. | Afturelding | 5 | 2 | 10 | 215 | 265 | 0.20-0.81 | 2 |

*Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is*

*Lokastaða 23. nóvember 2014 í undankeppni í kvennaflokki*

| Sæti | Félag | Leikir | Hrinur | | Stigaskor | | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Afturelding | 4 | 8 | 1 | 197 | 123 | 8.00-1.60 | 11 |
| 2. | HK | 4 | 7 | 3 | 216 | 182 | 2.33-1.19 | 9 |
| 3. | Stjarnan | 4 | 4 | 4 | 148 | 148 | 1.00-1.00 | 6 |
| 4. | Þróttur N | 4 | 3 | 7 | 179 | 226 | 0.43-0.79 | 3 |
| 5. | KA | 4 | 1 | 8 | 156 | 217 | 0.13-0.72 | 1 |

*Úrslit einstakra leikja má finna á www.blak.is*

BLÍ vill koma á framfæri þakklæti til Blakdeildar Þróttar Neskaupsstað fyrir framkvæmd á undankeppni Bikarkeppninnar í blaki.

**Bikarúrslitahelgin**

Liðin sem komust í undanúrslitin voru sett í einn pott og dregið var í undanúrslitaleikina. Í kvennaflokki drógust saman Þróttur Neskaupstað og Afturelding annars vegar og Stjarnan og HK hins vegar. Í karlaflokki drógust saman Stjarnan og HK í fyrir undanúrslitaleikinn og KA og Þróttur Neskaupstað í þann seinni.

Framkvæmd úrslitahelgarinnar var í höndum Blaksambands Íslands með aðstoð blakdeild Aftureldingar sem sá um að manna umsjón allra leikja og sjálfboðaliða úr blakdeild Fylkis sem sáu um veitinga- og miðasölu sem og að leggja keppnisdúk á gólf Hallarinnar. Umgjörðin verður glæsilegri með hverju árinu og var til að mynda sýnt beint frá undanúrslitaleikjum helgarinnar.

Áhorfendur voru fleiri en árið áður og er það merki um að íþróttin nær auknum vinsældum ef vel er staðið að kynningu keppninnar. Fyrir helgina kom stór grein um bikarkeppnina í Morgunblaðinu sem hjálpaði eflaust til við kynningu á þessum stærsta blakviðburði ársins.

Félögin stofnuðu umgjarðarhóp sem vann í nokkrar vikur fyrir helgina til að gera viðburðinn sem sýnilegastan í fjölmiðlum og til að auka tekjurnar.

Manni leiksins í hvorum úrslitaleiknum var afhentur gullbolti Mikasa.

**Undanúrslit kvenna laugardaginn 7. mars 2015**

| | | |
|---|---|---|
| Þróttur N-Afturelding | 0-3 | 10-25, 8-25, 13-25 |
| Stjarnan-HK | 1-3 | 21-25, 25-27, 25-20, 20-25 |

**Úrslit kvenna sunnudaginn 8. mars 2015**

| | | |
|---|---|---|
| Afturelding-HK | 3-0 | 25-15, 25-15, 25-17 |

**Maður leiksins:**

Zaharina Filipova, Aftureldingu

**Bikarmeistarar Afureldingar 2015**

Sigdís Lind Sigurðardóttir, Rósborg Halldórsdóttir, Velina Apostolova, Ylfa Rós Margrétardóttir, Miglena Apostolova, Auður Anna Jónsdóttir, Guðrún Elva Sveinsdóttir, Fjóla Rut Svavarsdóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir, Kristina Apostolova, Zaharina Filipova, fyrirliði og Ólöf Björg Þórðardóttir. Apostol Apostolov, þjálfari, Thelma Dögg Grétarsdóttir, aðstoðarþjálfari, Eva Sigurðardóttir, aðstoðarþjálfari, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, sjúkraþjálfari.

**Undanúrslit karla laugardaginn 7. mars 2015.**

| | | |
|---|---|---|
| Stjarnan-HK | 0-3 | 20-25, 17-25, 17-25 |
| KA-Þróttur N | 3-0 | 25-21, 25-19, 25-10 |

**Úrslit karla sunnudaginn 8. mars 2015**

| | | |
|---|---|---|
| HK-KA | 1-3 | 24-26, 23-25, 25-21, 21-25 |

**Maður leiksins:**

Filip Szewczyk, KA

**Bikarmeistarar KA 2015**

Einar Oddur Jónsson, Marteinn Möller, Vigfús Jónbergsson, Benedikt Rúnar Valtýsson, Hilmar Sigurjónsson, fyrirliði, Filip Szewczyk, Valþór Ingi Karlsson, Hristiyan Dimitrov, Ævarr Freyr Birgisson, Piort Slawomir Kempisty, Kristinn B. Haraldsson. Filip Szewczyk, þjálfari og Jóhann Eiríksson aðstoðarþjálfari.

Bikarkeppninni lauk með verðlaunaafhendingu til liðanna og var það Jason Ívarsson formaður BLÍ sem afhenti verðlaun.

**Lokaorð**

Þegar litið er yfir síðastliðið keppnistímabil er ljóst að mótahaldið er orðið gríðarlega umfangsmikið. Liðum fjölgar ár frá ári og stefndi í fjölgun í ár, en þegar til kastanna kom fækkaði liðum um tvö í kvennaflokki. Því er það mikil áskorun fyrir Blaksambandið að halda rétt á spilunum svo allir leikir komist fyrir í þeim tímaramma sem er til staðar. Það liggur einnig mikil ábyrgð hjá liðunum sjálfum svo að svona umfangsmikið mótahald gangi upp t.a.m. með því að leggja til þá dómara sem reglugerð kveður á um. Eitthvað var um tilfærslur á leikjum á síðastliðnu keppnistímabili og veðrið var einstaklega leiðinlegt síðastliðin vetur. Ef ekki lágu fyrir veðurfarslegar ástæður var mótanefnd almennt á móti tilfærslum á leikjum en setti sig ekki upp á móti breytingum kæmu liðin sér saman um nýjan leikdag og –tíma. Blaksambandið og mótanefnd þurfa einnig að líta í eigin barm og bæta upplýsingaflæðið sem og almennt að vera fyrr á ferðinni með keppnisfyrirkomulagið í Úrvalsdeildinni og deildakeppninni. Liðin sem og Blaksambandið verða að taka íþróttina og umgjörð hennar alvarlega annars er hætt við fjölmiðlar og aðrir líti á keppni í blaki sem einhvers konar leik en ekki alvöru keppni í alvöru íþrótt.

Á 41. ársþingi BLÍ 2013 var samþykkt sú reglugerð sem leikið var eftir á nýafstöðnu keppnistímabili og var hún skerpt lítillega eftir ársþing BLÍ 2014. Ljóst er að þessi reglugerð hefur sett mótahaldinu formlegri skorður. Enn þyrfti þó að hnykkja aðeins á reglugerðinni til að bæta umgjörð íþróttarinnar t.d. varðandi það að lið leiki ekki í eins litum búningum. Slíkt er hálf hjákátlegt þegar leikir (eða brot úr þeim) eru sýndir í sjónvarpi eða þegar myndir birtast í blöðum. Það þekkist ekki í nokkurri annarri boltaíþrótt að tvö lið leiki til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í búningum með sama lit. Mótanefnd vinnur því nú að smávægilegum breytingum á reglugerðinni.

Hins vegar er það svo að miklu meira er vel gert en það sem miður fer. Umgjörð leikja fer sífellt batnandi hjá félögunum og oft var fjör á áhorfendapöllunum í vetur. Stjórnir blakdeilda eru í mikilvægu hlutverki hvað varðar útbreiðslu og kynningu á íþróttinni en nokkur félög sýna beint frá leikjum sínum á netinu þar á meðal eru lið í 1. deild. Mikilvægt er að félögin komi frá sér fréttatilkynningum til að auglýsa upp leiki og segja frá úrslitum. Heimasíður félaganna eru mikilvægt tæki til þess háttar umfjöllunar og BLÍ og félögin þurfa að vinna saman að því að fá meiri umfjöllun í fjölmiðlum og þá sérstaklega sjónvarpi.

Að lokum vill mótanefndin koma á framfæri þakklæti til blakdeilda félaganna fyrir gott samstarf á þessu starfsári og vilja til að hjálpa nefndinni að leysa þau vandamál sem upp komu í vetur. Við vonum að næsta starfsár verði áfram gæfuríkt.

*Fyrir hönd mótanefndar*

*Sigurbjörn Árni Arngrímsson*

*formaður*

# Skýrsla yngriflokka nefndar BLÍ

Starfsárið 2014-2015 voru eftirtaldir í nefndinni:

Guðrún Kristín Einarsdóttir Aftureldingu,formaður.
Ásta Sigrún Gylfadóttir HK
Emil Gunnarsson Stjörnunni
Miglena Apostolov Aftureldingu
Friðrika Marteinsdóttir KA
Sigríður Þórarinsdóttir Þrótti Nes
Valgeir Hilmarsson HK
Torfi Rúnar Kristjánsson Fylki

Yngriflokka nefndin hélt nokkra fundi á starfsárinu til að skipuleggja það sem í gangi var, sem var: Íslandsmót haust, bikarmót fyrir 2. og 3. flokk, Íslandsmót vor og afreksbúðir BLÍ. Fundargerðir nefndarinnar á að vera hægt að nálgast á heimasíðu sambandsins.

**<u>Afreksbúðir BLÍ</u>**

Á síðasta ári voru haldnar tvennar búðir fyrir unglinga. Fyrri búðirnar voru haldnar í maí og voru þær skipulagðar í samstarfi við nýráðna A landsliðsþjálfara Blaksambandsins, þá Rogerio Ponticelli og Daniele Capriotti. Þeir voru aðalþjálfarar búðanna og aðrir þjálfarar voru U17 og U19 landsliðsþjálfarar. Samhliða búðunum var haldið þjálfaranámskeið og voru búðirnar jafnframt nýttar sem æfing fyrir úrtakshópa. Í búðirnar í maí mættu krakkar fædd 1995 - 2000 . Mikil þátttaka var í búðunum og voru 117 krakkar og vantað þó hópa frá nokkrum félögum. Æfingarnar fóru fram í íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ og var æft á öllum 9 völlunum í húsinu og veitti ekki af. 80 stúlkur mættu í búðirnar og var 2000 árgangurinn sérlega stór og efnilegur. Búðirnar þóttust takast mjög vel og fóru allir ánægðir heim, bæði þjálfarar, þátttakendur á þjálfaranámskeiðinu sem og krakkarnir. Allri krakkarnir fengu bol í lok námskeiðsins.

Karlalandsliðið heldur í æfingaferð til Færeyja 22.-25. maí og leikur tvo leiki við heimamenn. Alls fara 13 leikmenn af þeim 35 sem voru valdir í æfingahóp fyrir Smáþjóðaleikana.

*Leikmennirnir sem fara til* ***Færeyja*** *eru: Alexander Stefánsson, Elías Rafn Ólafsson, Fannar Grétarsson, Lúðvík Már Matthíasson, Róbert Karl Hlöðversson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Valgeir Valgeirsson, Ævarr Freyr Birgisson, Ragnar Ingi Axelsson, Hafsteinn Valdimarsson, Kristján Valdimarsson, Matthías Haraldsson og Felix Þór Gíslason.*

Rogerio Ponticelli, Ólafur Jóhann Júlíusson og Bjartmar Birnir eru þjálfarateyminu og sjá þeir einnig um fararstjórnina.

Þjálfarateymið valdi 30 leikmenn í æfingahóp fyrir Smáþjóðaleikana. Um þessar mundir verður hópurinn skorinn niður í 20 leikmenn og lokahópur ætti að vera klár í vikunni fyrir leika en þeir hefjast 1. júní og standa til 6. júní. Ísland leikur gegn San Marino, Monaco og Luxemborg á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík.

**Kvennalandsliðið**

Liðið er nú í lokaundirbúningi sínum fyrir Smáþjóðaleikana í blaki í Reykjavík. Liðið fór á Novotel Cup í byrjun janúar líkt og karlaliðið en í mótinu voru 4 lið. Fyrsti leikur Íslands var við Liechtenstein og endaði hann með 3-1 tapi. Þá lék Ísland hörkuleik við U19 lið Danmerkur sem endaði 3-2 fyrir Dani. Í lokaleiknum tapaði svo Ísland fyrir Luxemborg 3-2 og endaði liðið því í 4. sæti í mótinu.

**Úrslit á Novotel Cup**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.1.2015 | Ísland - Liechtenstein | Luxembourg | Novotel CUP | 1-3 | | 18-25,20-25,25-22,17-25 |
| 3.1.2015 | Ísland - Danmörk U19 | Luxembourg | Novotel CUP | 2-3 | | 25-19,19-25,25-22,22-25,16-18 |
| 4.1.2015 | Luxembourg - Ísland | Luxembourg | Novotel CUP | 3-2 | | 23-25,20-25,25-18,25-22,15-13 |

**Leikmenn liðsins á Novotel Cup**

*Fjóla Rut Svavarsdóttir, Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Velina Apostolova, Karen Björg Gunnarsdóttir, Birta Björnsdóttir, Hjördís Eiríksdóttir, Fríða Sigurðardóttir, Ásthildur Gunnarsdóttir, Ventseslava Marinova, Rósborg Halldórsdóttir og Hugrún Óskarsdóttir.*

Stefán Jóhannesson var fararstjóri í ferðinni og í þjálfarateyminu voru Daniele Capriotti, Guðbergur Egill Eyjólfsson og Kristín Reynisdóttir.

Um páskana fór Kvennalandsliðið til Ítalíu í æfinga- og keppnisferð. Alls fóru 18 leikmenn í ferðina en ásamt A liðinu fór U18 ára landslið með og léku 9 stúlkur ásamt tveimur ítölskum lánsmönnum í móti sem kallast Easter Volley. Í því móti tóku rúmlega 90 lið þátt í fjórum aldursflokkum. Íslenska U18 liðið hafnaði í 15. sæti af 19 liðum.

A landsliðið tók þátt í Páskamóti sem var sett upp sérstaklega í tilefni af heimsókn íslenska hópsins. Auk Íslands var lið San Marino í mótinu og félagslið úr B2 deildinni á Ítalíu, lið Civitanova. Ísland vann San Marino á fyrsta degi 3-1 en í þeim leik léku tveir leikmenn sinn fyrsta A landsleik, Hanna María Friðriksdóttir og María Rún Karlsdóttir.

Úrslit leikja í Pasqual Challenge

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.4.2015 | San Marínó - Ísland | Porto San Giorgio | Pasqual Challenge | 1-3 | | 25-20,18-25,23-25,14-25 |
| 2.4.2015 | Ísland - Civitanova | Porto San Giorgio | Æfingaleikur (Pasq.Ch) | 0-3 | | 18-25,12-25,20-25 |

Að auki var einn óformlegur æfingaleikur spilaður við annað ítalskt B2 deildarlið, lið Recina Volley. Sá leikur endaði 3-1 fyrir Recina Volley.

**Leikmenn U18 í Easter Volley 2015**

*Rósborg Halldórsdóttir, Hanna María Friðriksdóttir, María Rún Karlsdóttir, Guðbjörg Valdimarsdóttir, Herborg Vera Leifsdóttir, Sigdís Lind Sigurðardóttir, Sóley Berg Victorsdóttir, Heiða Elísabet Gunnarsdóttir og Særún Birta Eiríksdóttir. Alessandra Concetti og Giulia Tiberi léku einnig með liðinu í mótinu.*

**Leikmenn A landsliðsins í Pasqual Challenge**

*Fríða Sigurðardóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir, Kristina Apostolova, Miglena Apostolova, Fjóla Rut Svavarsdóttir, Ásthildur Gunnarsdóttir, Hjördís Eiríksdóttir, Birta Björnsdóttir og Lilja Einarsdóttir.*

Í ferðinni var Sævar Már Guðmundsson fararstjóri. Auk hans voru Mundína Ásdís Kristinsdóttir, sjúkraþjálfari, Guðbergur Egill Eyjólfsson, aðstoðarþjálfari, Emil Gunnarsson, aðstoðarþjálfari, Ólafur Jóhann Júlíusson, aðstoðarþjálfari og Harpa Grímsdóttir, aðstoðarþjálfari. Stefán Jóhannesson og Júlía Ómarsdóttir voru með í ferðinni á eigin vegum.

Daniele Capriotti skipulagði ferðina að öllu leyti eftir að út var komið. Bæjarstjórn Porto San Giorgio bauð hópnum upp á gistingu á Hótel Gabbiano með fullu fæði. Auk þess að leika leiki voru æfingar og á páskadag var haldið til Modena á leik í karladeild Seríu A. Það var frábær ferð og allir nutu sín vel á leiknum og stelpurnar voru ófeimnar að fara eftir leik til að hitta stjörnurnar, fá eiginhandaráritanir og myndir með þeim. Ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði.

Daniele Capriotti undirbýr nú lið sitt fyrir Smáþjóðaleikana í Reykjavík. Þjálfarateymið valdi 40 leikmenn í æfingahóp fyrir verkefnið og hefur um þessar mundir skorið hópinn niður í 20 leikmenn sem koma til greina í 12 manna lokahóp. Aðrir leikmenn eru í B hópi og eru skipulagðar æfingar fyrir þann hóp einnig allan maí mánuð.

Íslenska liðið leikur gegn San Marino, Luxembourg, Liechtenstein og Svartfjallalandi á Smáþjóðaleikunum í vor.

**Unglingalandsliðin í blaki**

Fjögur unglingalandslið keppa í NEVZA mótum á hverju ári. U19 ára liðin fóru til Ikast dagana 13.-17. október. Bæði liðin enduðu í 5. sæti mótsins eftir sigurleiki gegn Færeyjum 3-1. Fyrst var leikiðí riðlakeppni þar sem stúlkurnar unnu Færeyjar 3-0 en töpuðu fyrir Dönum 3-0. Í umspilinu tapaði liðið fyrir Englandi 3-1 og lék því um 5. sætið.

Drengirnir töpuðu fyrir Englandi 3-0 og Noregi 3-0. Í umspilinu tapaði liðið fyrir Dönum 3-0 og lék liðið því um 5. sætið í mótinu.

Daniele Capriotti og Filip Szewczyk þjálfuðu liðin, Bjartmar Birnir var sjúkraþjálfari fyrir bæði lið og Brynja María Ólafsdóttir var fararstjóri. Í ferðinni voru einnig Sævar Már Guðmundsson og Jón Ólafur Valdimarsson en þeir dæmdu fyrir Íslands hönd í mótinu.

**U19 ára lið drengja**

*Benedikt Baldur Tryggvason, Lúðvík Már Matthíasson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Benedikt Rúnar Valtýsson, Gunnar Pálmi Hannesson, Sævar Karl Randversson, Valþór Ingi Karlsson, Ævarr Freyr Birgisson, Felix Þór Gíslason, Ragnar Ingi Axelsson og Hlynur Hólm Hauksson.*

**U19 ára lið stúlkna**

*Rósborg Halldórsdóttir, Sigdís Lind Sigurðardóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Harpa María Benediktsdóttir, Hanna María Friðriksdóttir, Guðbjörg Valdimarsdóttir, Ásta Lilja Harðardóttir, Alda Ólína Arnarsdóttir, Aldís Ásgeirsdóttir, María Rún Karlsdóttir, Berglind Gígja Jónsdóttir.*

**U17 ára landslið**

NEVZA mót U17 var haldið í Kettering í Englandi annað árið í röð. Liðin fóru út 29. október og komu heim 3. nóvember. Drengjaliðið tapaði öllum sínum leikjum í mótinu. Ísland tapaði 3-1 fyrir Svíþjóð og 3-0 fyrir Noregi í riðlakeppninni. Liðið mætti Dönum í umspili og tapaðist sá leikur 3-0 og var þá aftur komið að leik gegn Noregi. Sá leikur tapaðist einnig 3-0 og hafnaði liðið því í sjötta og neðsta sæti mótsins.

Kvennaliðið átti góðu gengi að fagna í mótinu. Liðið tapaði þó fyrsta leik 3-0 í jöfnum leik gegn Dönum. Finnar unnu Íslendingana svo 3-0 en í þriðja leik stúlknanna mættu þær Englandi. Þann leik unnu stúlkurnar 3-1 og enduðu því í þriðja sæti riðilsins. Liðið lék í umspili um 5.-7. sæti ásamt Englandi og Noregi. Liðið vann England 3-1 aftur en tapaði naumlega fyrir Noregi 3-2. Ísland endaði þar með í 5. sæti mótsins.

Miglena Apostolova þjálfaði stúlknalið U17 og Filip Szewczyk var þjálfari drengjanna. Rogerio Ponticelli var aðstoðarþjálfari drengja og Mundína Ásdís Kristinsdóttir var sjúkraþjálfari. Fararstjóri var Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Dómarar Íslands í mótinu voru þeir Kristján Geir Guðmundsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

**U17 ára lið drengja**

*Bjarki Benediktsson, Kolbeinn Tómas Jónsson, Viktor Emile C Gauvrit, Elías Rafn Ólafsson, Máni Matthíasson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Kári Hlynsson, Sigþór Helgason, Kjartan Óli Kristinsson, Valþór Ingi Karlsson, Vigfús Jónbergsson Hjaltalín, Hlynur Hólm Hauksson.*

**U17 ára lið stúlkna**

*Rósborg Halldórsdóttir, Sigdís Lind Sigurðardóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Anna Kara Eiríksdóttir, Herborg Vera Leifsdóttir, Arnrún Eik Guðmundsdóttir, Hildur Davíðsdóttir, Unnur Árnadóttir, Bergþóra Þórarinsdóttir, María Rún Karlsdóttir, Aldís Ásgeirsdóttir, Svana Björk Steinarsdóttir.*

Landsliðsnefnd BLÍ þakkar öllum fararstjórum, þjálfurum og öðrum sem hafa komið að undirbúningi landsliða Blaksambands Íslands fyrir aðstoðina. Nefndin horfir björtum augum á framtíðina og þegar litið er á það starf sem unnist hefur á þessu starfsári þá lítur það vel út. Stefnt er að því að endurnýja samninga við aðalþjálfara A landsliðanna en þeir hafa einnig verið að þjálfa yngri hópa og komið að stofnun afrekshópa fyrir unglinga.

Landsliðin í strandblaki tóku þátt í undankeppni fyrir Ólympíuleika í Portúgal og í Danmörku. Ítarlegt yfirlit yfir landsliðsstarfið í strandblaki má finna í skýrslu strandblaknefndar.

Að lokum þökkum við FIVB og stjórn BLÍ fyrir stuðning við landsliðsstarfið okkar.

*Landsliðsnefnd BLÍ*

# Skýrsla dómaranefndar BLÍ

Í nefndinni voru Leifur Harðarson, Kristján Geir Guðmundsson og Sævar Már Guðmundsson. Tímabilið gekk nokkuð vel. Fyrirfram var búist við erfiðleikum við að manna leiki þennan vetur. Í september var auglýst dómaranámskeið til héraðsdómararéttinda.

Námskeiðið var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal dagana 10. og 11. september. Sjö manns tóku þátt, 2 karlar og 5 konur. Öll útskrifuðust þau með héraðsdómararéttindi og flest þeirra stukku beint út í djúpu laugina og fóru að dæma leiki í deildarkeppninni. Þau tóku verklega hluta dómaraprófsins á haustmóti BLÍ sem haldið var í Fylkishöll og stóðust þau það öll.

Dómaranefnd BLÍ stefnir á að halda annað héraðsdómaranámskeið í haust og vinna þannig áfram í að fjölga í dómarastéttinni sem brýn þörf er á. Félögin þurfa að hvetja sitt fólk til að taka að sér dómgæslu og gera meira til að koma fólki á námskeið í þeim tilgangi að fá fleiri til þess að starfa í stéttinni.

Dómaranefndin hefur einnig haldið reglunámskeið hjá félögunum. Eitt slíkt námskeið var haldið í Neskaupstað í vetur en það var í tengslum við Öldungamótið sem fram fór þar í vor.

Dómgæsla í umferðamótunum í deildakeppninni gekk ágætlega. Félögin sem fengu mótin voru flest með sína eigin dómara en þó þurfti BLÍ að skipa nokkra dómara á leiki á Álftanesi þar sem félagið á ekki nógu marga dómara með réttindi. Aðeins þarf að ná sér í C-réttindi til þess að dæma í þeim mótum.

Línuvarsla í leikjum hefur verið í umræðunni undanfarið. Dómaranefnd hefur séð um að skipa línuverði á leiki í undanúrslitum og úrslitum, bæði í Bikarkeppni og í Íslandsmótinu. Alltaf kemur upp sú umræða að hafa línuverði á deildarleikjum en ekki hefur verið tekin afstaða til þess. Á sínum tíma var það svo að heimaliðið sá alfarið um mönnun línuvarða í deildarleikjum en það var síðan lagt af í kringum 1997. Ástæður þess voru m.a. mannekla og óhæfni línuvarða.

Við skipun línuvarða á leiki er miðað fyrst og fremst við það að viðkomandi hafi dómararéttindi og reynslu. Línuvörður er skipaður á leik sem einn af dómarateyminu. Hans hlutverk er skýrt og ávallt farið yfir það fyrir leik. Aðaldómari leiks getur dæmt andstætt við það sem línuvörður dæmir sjái hann ástæðu til þess en sjónarhorn þeirra á því sem gerist er mismunandi.

Dómaranefnd samdi starfsreglur fyrir dómara í vetur. Regluverkið er góð viðbót fyrir dómaranefndina til þess að fara eftir svo og þá dómara sem eru starfandi en þær má finna á heimasíðu BLÍ.

Dómarar eru hluti af umgjörð á blakleikjum. BLÍ hefur undanfarin ár verið að hvetja félögin til að standa vel að umgjörð leikja en betur má ef duga skal. Þegar komið er fram í úrslitakeppnina er umgjörðin farin að líta út eins og hún á að vera í hverjum leik en því miður hefur það verið svo að það vantar hreinlega áhorfendur á venjulegan deildarleik. Flest félögin þurfa að vinna að því að bæta umgjörð heimaleikja sinna til dæmis með því að fá réttan fjölda af hæfu starfsfólki í umsjón og laða áhorfendur að leikjunum.

Alþjóðlegu dómararnir okkar, Jón Ólafur Valdimarsson og Sævar Már Guðmundsson dæmdu fjölmarga leiki erlendis á þessari leiktíð. Sævar bíður enn eftir staðfestingu á að fá fullgildingu sem alþjóðlegur dómari. Hann hefur lokið undirbúningstímabili sínu.

Jón Ólafur og Sævar dæmdu fyrir Ísland í NEVZA móti U19 ára liða í IKAST í október. Sævar dæmdi svo leiki í Evrópukeppni félagsliða (CEV Cup) í byrjun nóvember í Þýskalandi og í lok nóvember í Finnlandi. Jón Ólafur dæmdi leik í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge Cup) í Noregi í byrjun nóvember og svo tvo leiki í undankeppni fyrir HM U19 ára drengja í Danmörku í byrjun janúar 2015.

Að lokum vill nefndin þakka öllum dómurum fyrir keppnistímabilið og félögum fyrir góða samvinnu við dómara BLÍ.

*Dómaranefnd BLÍ*

# Skýrsla framkvæmdarnefndar Evrópukeppni smáþjóða 2014

**Aðdragandi**

Á haustdögum 2013 sótti stjórn BLÍ um að halda undanriðil í Evrópukeppni smáþjóða í blaki karla og kvenna vorið 2014. Jákvætt svar við umsókninni barst frá Blaksambandi Evrópu, CEV, í byrjun nóvember 2013. Eftir að fjöldi þáttökuliða var ljós þá var gisting fyrir gestina pöntuð á Reykjavík Lights Hotel og keppnisaðstaðan tryggð í Laugardalshöll helgina 6.-8. júní 2014.

**Undirbúningur**

Fljótlega var ráðist í að skipa framkvæmdanefnd. Nokkru áður hafði BLÍ skipað framkvæmdanefnd fyrir Smáþjóðaleikana 2015 og var því sjálfgefið að sú nefnd yrði framkvæmdanefndin fyrir EM 2014. Formaður nefndarinnar var skipaður Sævar Már Guðmundsson og greinastjóri Grétar Eggertsson. Þann 1. apríl var Ólafur Jóhann Júlíusson ráðinn sem verkefnastjóri fyrir mótið. Hann sá um landsliðsmál og var einnig bætt inn í undirbúningsnefdina.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var umfang verksins skipulagt og verkefnum deilt niður á nefndarmenn en verkið það er það stærsta sem sambandið hefur ráðist í hingað til.

Þá var framkvæmdastjóra falið að vera í samskiptum við þátttökulöndin.

Undirbúningur gekk vel og reynslan frá mótinu 2006 nýttist mjög vel. Auknar kröfur frá CEV voru til þess að skipulagið varð betra.

**Framkvæmd mótsins**

Karla- og kvennakeppnin fór fram í Laugardalshöll í Reykjavík sem er okkar stærsta keppnishús og kjörið fyrir slíkan viðburð. Hótelið var í göngufæri frá keppnisstað svo að aðeins þurfti að aka dómurum til og frá keppnisstað enda gistu þeir ekki á sama hóteli og keppendur.

Samskipti við CEV voru töluverð í aðdraganda keppninnar en skráning leikmanna fór algjörlega í gegnum tölvukerfi á þeirra vegum. Notast var við rafræna leikskýrslu í fyrsta sinn á Íslandi og voru tveir starfsmenn sendir til Englands í apríl til þess að læra á skýrsluna og tölfræðihluta forritsins.

Í maí fór svo fram þjálfun sjálfboðaliða sem áttu að rita leikina og skrá niður tölfræði. Fjölmargir komu að verkefninu og tókst þjálfunin vel. Þegar í mótið var hafið gekk mjög vel að klára verkið hvað þennan hluta varðar.

Aðrir sjálfboðaliðar mótsins voru frá mörgum blakfélögum. Þeim er þakkað fyrir þeirra störf í leikjunum en á hvern leik þurfti m.a. 6 til þess að þurrka völlinn, 6 boltasækjara, 4 línuverði, tvo ritara, tónlistarstjóra og kynni. Þá var einn maður á DataVolley sem skráði niður tölfræði leikmanna í hverjum leik. Þá var ljósmyndari á öllum leikjum og fjölmiðlafulltrúi og þurftu þeir að koma fréttum og myndum frá sér til CEV strax að leik loknum. Fyrir utan þessa starfsmenn var vallarstjóri sem sá til þess að fólk væri í sínum stöðum svo og í miða- og veitingasölu.

Eftirlitsmaður í kvennakeppninni var Leifur Harðarson og Jason Ívarsson í karlakeppninni. Þeirra hlutverk var að fylgjast með að allt myndi ganga upp í leiknum sjálfum. Skýrsla var send inn til Evrópusambandsins eftir hvern leik og svo ítarlegri skýrsla og frumrit leikskýrslanna eftir að keppninni lauk.

Aðbúnaður liðanna var hinn ákjósanlegasti. Hótelið var gott og stutt að fara í keppnishöllina sem og í hádegismat og kvöldmat en starfsmenn Café Easy sá um að framreiða sinn frábæra mat. Í keppnishöllinni var aðgengi mjög gott, liðin höfðu sinn sjúkranuddbekk inni í búningsklefum en auk þess var einnig sjúkraherbergi með öllu því helsta sem til þarf í slíkum herbergjum.

**Samskipti**

Samskipti við liðin og eftirlitsmann CEV voru mjög mikilvæg í öllu ferlinu. Liðin sendu inn nafnalista og myndir af öllum þátttakendum einum mánuði fyrir mótið í gegnum tölvukerfi CEV. Upplýsingabæklingar voru útbúnir fyrir liðin þar sem allar upplýsingar um mótið, niðurröðun dómara og önnur atriði komu fram sem var mikilvægt fyrir þau að vita áður en komið var til landsins.

Á meðan á mótinu stóð voru úrslitin gefin út og send í tölvupósti til liðsstjóra liðanna. Mældist það vel fyrir og sparaði heilmikla vinnu og prentun.

**Fjölmiðlar – útgáfa**

Fjölmiðlar voru vel upplýstir um mótið og fékk mótið góða umfjöllun, bæði áður en það hófst og svo einnig eftir að því lauk. Allir leikirnir 9 voru sýndir í beinni útsendingu í sjónvarpi, í gegnum www.sporttv.is. Fréttir og greinar birtust í Morgunblaðinu nokkra daga í röð fyrir mótið og framkvæmdastjóri BLÍ var í sjónvarpviðtali hjá RÚV á miðvikudeginum fyrir mót.

Mótið vakti mikla athygli fjölmiðla þar sem mótið var stærsta alþjóðlega blakmótið sem BLÍ hefur haldið.

**Styrktaraðilar**

Samningar náðust við Reykjavíkurborg um ríflegan afslátt vegna afnota af Laugardalshöllinni. Aðalstyrktaraðilar keppninnar voru Síminn, Securitas og Avis sem lagði til bílaleigubíla fyrir mótið sem voru notaðir óspart við akstur liðanna á æfingar í Kennaraháskólann og flutning dómara á milli hótels og keppnishallar. Þá var dómurum boðið í ferð um gullna hringinn sem mældist mjög vel fyrir.

Aðrir styrkir komu í formi auglýsinga á LED skiltin sem umluktu blakvöllinn.

**Niðurstaða**

Mótið var stórt í sniðum fyrir lítið samband eins og BLÍ. Fjárhagslega gekk dæmið ágætlega, þó varð hallinn aðeins meiri en reiknað hafði verið með. Forsvarsmenn liða, eftirlitsmaðurinn og dómarar mótsins lýstu yfir ánægju með mótið, sögðu að skipulagning hafi verið frábær, hótelið gott og landið skemmtilegt. Sérstaklega var minnst á matinn í mótinu og honum hrósað í hástert. Það er gott veganesti fyrir BLÍ inn í framtíðina og þegar er farið að huga að því að halda svipað mót.

Segja má að rekstur mótsins hafi verið ágætur. Tími ársins sem mótið á að fara fram á er mjög erfiður þar sem aðal ferðamannatímabilið er hafið og verðið á hótelgistingu því hærra en ef mótið væri að vetri til. Tapið var u.þ.b. ein milljón króna á mótinu en ljóst er að miðað við verðlag á Íslandi þá er framlag þátttökuliðanna frekar lágt. Það gekk þokkalega að ná í styrktaraðila en alltaf má gera betur.

Það er ekki oft sem blaklandsleikir eru leiknir á Íslandi. Áhorfendur mættu ágætlega á leiki íslensku liðanna en þeir voru alls 5 talsins, þrír kvennaleikir og tveir karlaleikir.

Að lokum vill framkvæmdarnefnd EM smáþjóða 2014 þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg í verkefnið kærlega fyrir þeirra framlag. Þar ber sérstaklega að þakka Grétari Eggertssyni

og Kristjáni Geir Guðmundssyni fyrir þeirra ómetanlegu störf í aðdraganda mótsins og á meðan að á því stóð. Ekki má gleyma Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur sem sá um veitingasöluna og Ástu Sigrúnu Gylfadóttur sem hélt utan um starf sjálfboðaliðanna á vellinum og að svo að sjálfsögðu verkefnastjóranum, Ólafi Jóhanni Júlíussyni.

*Framkvæmdarnefnd EM smáþjóða 2006*

| **Fjárhagsuppgjör - EM 2014** | | |
|---|---|---|
| | **Gjöld** | **Tekjur** |
| Reykjavík Lights | 3.129.764 kr. | |
| Hótel Björk | 380.709 kr. | |
| V/dómara, línuvarða o.fl. | 218.636 kr. | |
| Vífilfell (vatn o.fl) | 65.862 kr. | |
| Útsending Sporttv | 600.000 kr. | |
| Laugardalshöll | 499.269 kr. | |
| LED skilti | 564.750 kr. | |
| Bílaleigubílar | 300.000 kr. | |
| Transport | 126.100 kr. | |
| Matur | 1.163.926 kr. | |
| Annar kostnaður | 168.929 kr. | |
| | **7.217.945 kr.** | |
| | | |
| Styrktaraðilar | | 1.642.484 kr. |
| Miðasala og veitingar | | 443.068 kr. |
| Per Diem Liðin + þátttökugj. | | 2.382.003 kr. |
| CEV styrkur | | 1.326.439 kr. |
| Avis styrkur - bílar | | 300.000 kr. |
| Aðrar tekjur | | 100.579 kr. |
| | | **6.194.573 kr.** |
| | | |
| Mismunur | | - 1.023.372 kr. |

# Þinggerð Öldungaþings 2015

**Öldungaráð tjÖldungs 2015**

Þingið haldið í fundarsal Egilsbúðar og hefst kl. 21:20

**Dagskrá:**

**1. Setning**

Stefán Jóhann Jóhannsson öldungur 2015 setur þingið.

**2. Kosning starfsmanna.**

Stefán Jóhann Jóhannsson gerir tillögu um að Gunnar Gunnarsson verði fundarstjóri og Magnús Jóhannsson fundarritari. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri Gunnar bauð fólk velkomið og hrósaði heimamönnum fyrir dugnað við undirbúning mótsins og síðan var gengið til dagskrár.

**3. Tillögur.**

**Reglugerðarbreytingar**

**a) Breytingartillaga greinar 3.3 og 3.4 – Tillaga frá Hannesi Garðarssyni KA og Sigurbirni Árna Arngrímssyni Laugdælum.**

Gunnar Gunnarsson gaf Hannesi Garðarsyni frá KA orðið til að kynna tillöguna og hann kynnti að um væri að ræða endurflutning á tillögu frá síðasta þingi. Hún var samþykkt þar en var hafnað af ársþingi Blaksambandi Íslands sem taldi tillöguna ekki nógu vel útfærða og er úr því bætt með þessari tillögu að hans sögn.

Flutningsmaður óskaði eftir fyrirspurnum og Agla Björnsdóttir bar upp spurningu sem Hannes svaraði skilmerkilega.

Fundarstjóri bar tillögun upp og var hún samþykkt með fjórum mótatkvæðum.

**b) Breytingartillaga grein 3.4 – Tillaga frá Sigurbirni Árna Arngrímssyni Laugdælum og Hannesi Garðarssyni KA.**

Þar sem tillaga samkvæmt a- lið þessa dagskrárliðar var samþykkt þá fellur þessi tillaga niður.

**c) Breytingartillaga grein 3.6 - Tillaga frá Helgu Steinunni Hauksdóttir ÍK.**

Fundarstjóri gaf Helgu Steinunni Hauksdóttir orðið sem kynnti að um væri að ræða endurflutning á tillögu frá síðasta þingi. Hún var samþykkt þar en var hafnað af ársþingi Blaksambandi Íslands sem taldi tillöguna ekki nógu vel útfærða og er úr því bætt með þessari tillögu að hennar sögn.

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tók Guðmundur Karl frá KA sem bar fram eina fyrirspurn sem Helga Steinunn svaraði.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt með lófaklappi.

**4 Næsta mót, kynning og síðan kosning.**

Þrjár umsóknir hafa borist um að halda öldungamót BLÍ 2016 og eru það eftirtalin félög í stafrófsröð:

Afturelding (UMFA) mót haldið í Mosfellsbæ dagana 13. – 15. maí 2016

Stjarnan mót haldið í Garðabæ dagana 5. – 7. maí 2016

Þróttur Reykjavík / ÍBV mót haldið í Vestmannaeyjum 5. – 7. maí 2016

Fundarstjóri gaf fyrst fulltrúa Stjörnunnar orðið og tók Vignir Hlöðversson til máls og kynnti hann tilhögun mótsins ef því yrði fundinn staður í Garðabænum

Fyrirspurn til Vignis og var spurt um dagsetningu mótsins sem Vignir svaraði.

Fundarstjóri gaf næst fulltrúa Aftureldingar orðið og tók Guðrún Kristín Einarsdóttir (Gunna Stína) til máls og kynnti hún tilhögun mótsins og allar aðstæður ef því yrði fundinn staður í Mosfellsbænum. Fram kom hjá henni að um tvær dagsetningar gæti verið að ræða 5. – 7. maí og svo 13. – 15. maí. Spruttu upp talsverðar umræður vegna þessa og að lokum las Gunnar Gunnarsson fundarstjóri upp úr reglugerð BLÍ og þar kom skýrt fram að þegar umsókn er send inn ber að taka fram dagsetningu móts og í umsókn Aftureldingar kom skýrt fram að það eigi að halda mótið 13. - 15. maí 2016 og því verði ekki breytt.

Fundarstjóri gaf næst fulltrúa Þróttar R/ ÍBV orðið og tók til máls Jónas Traustason (Jónas í blakinu) og kynnti hann tilhögun mótsins og allar aðstæðu ef því yrði fundinn staður í Vestmannaeyjum 5. – 7. maí 2016.

Tvær fyrirspurnir bárust varðandi aðstæður í Eyjum ásamt samgöngumálum sem Jónas svaraði.

**5 Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða**

Þessi dagskrárliður var settur inn eftir ábendingu frá Hannesi Garðarssyni og þakkaði fundarstjóri fyrir þessa ábendingu. Að því loknu gaf fundarstjóri fulltrúa KA Eygló Birgisdóttir orðið sem kynnti mótshaldið 2014 ásamt ágóða þess og hvernig honum var varið. Jafnfram kom fram að skýrslu um mótið hafi verið skilað til BLÍ.

Ein fyrirspurn var borin upp og svaraði Eygló henni.

Í ljós kom að HK hafði ekki gert grein fyrir mótshaldi í Kópavogi 2013 og var þeim boðið að gera það nú. Hrafnhildur Theodórsdóttir fulltrúi HK tók til máls og gerði hún grein fyrir mótshaldinu í Kópavogi 2013.

**6 Önnur mál.**

Fundarstjóri bauð fólki að taka til máls undir þessum dagskrálið og til máls tók Gunnar Stína sem skoraði á gesti þingsins að vinna að því að efla barna og unglingastarf hjá blakdeildunum sem best þeir gætu.

Hrafnhildur Theodórsdóttir tók jafnframt til máls og hnykkti á nokkrum atriðum varðandi mótið í Kópavogi.

Jónas Traustason tók til máls og fjallaði um reglur sem BLÍ setti um öldungamót og afskipti þessa af öldunamótum almennt sem hann taldi óþarflega mikil.

**7 Þingslit.**

Fundarstjóri gaf Stefáni Jóhanni Jóhannssyni orðið. Stefán Jóhann gerði grein fyrir þeim breytingum sem urðu á mótshaldinu vegna þess að það þurfti að flytja uppblásnu húsin í Fjarðabyggðahöllina á Reyðarfirði. Auk þess benti hann á heimasíðu mótsins og þar koma allar upplýsingar fram bæði um strætóferðir sem og aðrar upplýsingar. Að lokum óskaði hann eftir því að fólk skilaði inn kjörseðlum vegna kosningar um næsta mótsstað og upplýsti jafnframt um að gerð yrði grein fyrir niðurstöðu kosningarinnar á lokahófinu á laugardagskvöldið.

Að þessu loknu sleit hann þinginu.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 22:34

Fundarstjóri : Gunnar Gunnarsson

Fundarritari : Magnús Jóhannsson

*Fylgiskjöl með þinggerð eru tillögurnar sem lagðar voru fram og samþykktar*

**Tillaga frá Hannesi Garðarssyni KA og Sigurbirni Árna Arngrímssyni Laugdælum**

Öldungaþing BLÍ 2015 samþykkir að breyta greinum 3.3 og 3.4 í reglugerðinni um Öldungamót BLÍ.

<u>Grein 3.3. hljóðar svo í dag</u>

Keppt skal um farandgrip í öllum deildum. Auk þess skulu 3 efstu lið hverrar deildar hljóta verðlaun.

<u>Grein 3.4 hljóðar svo í dag:</u>

Keppt skal í deildum. Í hverri deild eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp. Í undantekningartilvikum er Öldungi heimilt að fjölga um eitt lið í einni deild neðan 4. deildar karla og kvenna. Á næsta Öldungamóti verði breytt deild á ný með 7 liða fyrirkomulagi. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

<u>Eftir breytingar myndi grein 3.3 hljóða svo (breytingar rauðletraðar):</u>

Keppt skal um farandgrip í öllum deildum sem og í örmum þeirra deilda sem eru armaskiptar (sjá gr. 3.4). Auk þess skulu 3 efstu lið hverrar deildar eða hvers arms hljóta verðlaun.

<u>Eftir breytingar myndi grein 3.4 hljóða svo (breytingar samþykktar 2014 á öldungaþingi en felldar á BLÍ þingi grænletraðar og viðbótarútfærslur rauðletraðar):</u>

Keppt skal í deildum. Í deildum 1, 2, 3 og 4 eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö efstu lið deilda 2, 3 og 4 upp í næstu deild og tvö neðstu lið efstu fjögurra deildanna færast niður um deild.

Í deild 5 og neðar, skulu vera 14 lið í A og B örmum. Efstu tvö í hvorum þessara arma færast upp um deild og neðstu tvö lið sömu arma færast niður um deild. Efsta liðið í armi A færist upp í arm B í deildinni fyrir ofan og næstefsta liðið í armi A færist upp í arm A í deildinni fyrir ofan og öfugt hjá liðunum í armi B. Neðsta liðið í armi A færist niður í arm B í deildinni fyrir

neðan og næstneðsta liðið í armi A færist niður í arm A í deildinni fyrir neðan og öfugt hjá liðunum í armi B. Að auki hafa liðin í fjórða sæti armaskipti, þ.e. liðið sem var í fjórða sæti í armi A í hverri deild fyrir sig spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í fjórða sæti í armi B.

Úr 4. deild færist neðsta liðið í B arm 5. deildar og næstneðsta lið í A arm 5. deildar. Þar af leiðir að aðeins efsta lið hvors arms í 5. deild færist í 4. deild. Að auki hafa liðin í öðru sæti í 5. deild armaskipti, þ.e. liðið sem var í öðru sæti í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í öðru sæti í armi B.

Ef liðafjöldi í neðstu deildinni (Ö) nær ekki 14 skal hún leikin með deild Æ þar fyrir ofan. Ef liðafjöldi í deild Æ er þess vegna á bilinu 15-27 skal hún leikin á eftirfarandi hátt:

15 lið = 8 í armi A og 7 í armi B
16 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig
17 lið = 10 í armi A og 7 armi B
18 lið = 6 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armalausri deild  (Ö) þar fyrir neðan
19 lið = 6 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
20 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
21 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
22 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 8 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
23 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig og 7 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
24 lið = 8 í hvorum armi fyrir sig og 8 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
25 lið = 8 í armi A og 7 í armi B og 10 í armalausri deild (Ö) þar fyrir neðan
26 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í hvorum armi í deild (Ö) þar fyrir neðan
27 lið = 7 í hvorum armi fyrir sig og 6 í armi A og 7 í armi B í deild (Ö) þar fyrir neðan

Ef 15-17 lið eru í deild Æ hafa liðin í sjötta sæti (og áttunda sæti) deildar Æ armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi A spila í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi B.

Ef 18-25 lið eru í deild Æ myndast á ný deild Ö fyrir neðan og skal hún spiluð í einum armi og upp úr henni færast efstu tvö liðin. Efsta liðið færist í B arm næstneðstu deildar (Æ) og næstefstaliðið færist í A arm næstneðstu deildar (Æ). Niður úr hvorum armi næstneðstu deildar (Æ) færist þá aðeins neðsta liðið séu 6-7 lið í armi en tvö neðstu liðin séu 8-10 lið í armi. Að auki hafa þá liðin í sjötta sæti (og áttunda) næstneðstu deildar (Æ) armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti (og áttunda sæti) í armi B.

Ef 26-27 lið eru í deild Æ myndast á ný deild Ö fyrir neðan og skal hún spiluð í tveimur örmum og upp úr hvorum armi færast tvö efstu liðin eins almennt gildir um armaskiptar deildir (sjá að ofan). Úr hvorum armi næstneðstu deildar (Æ) færast tvö neðstu liðin niður eins og almennt gildir um armaskiptar deildir. Að auki hafa liðin í sjötta sæti neðstu deildar (Ö) armaskipti, þ.e. liðið sem var í sjötta sæti í armi A spilar í armi B árið eftir og öfugt hjá liðinu í sjötta sæti í armi B.

Lið sem leika í deild Æ (og Ö ef deild Ö er leikin) ár hvert geta ekki gengið að því vísu árið eftir að leika í þeirri deild sem úrslit ársins á undan gáfu til kynna þurfi að endurraða í deild Æ (og Ö ef deild Ö er leikin) vegna þess að fjöldi liða gengur ekki upp í margfeldi af 14. Þó skulu liðin sem færast upp úr deild Æ ár hvert ávalt halda þeirri færslu.

Í 6 liða deildum/örmum leika allir við alla einfalda umferð og svo einföld úrslit, þ.e. 1 vs. 2, 3 vs. 4, og 5 vs. 6
Í 7 liða deildum/örmum leika allir við alla einfalda umferð
Í 8 liða deildum/örmum skiptast liðin í tvo fjögurra liða riðla þar sem allir leika við alla einfalda umferð í hvorum riðli fyrir sig. Svo er skipt aftur í efri (lið 1 og 2 í hvorum riðli) og neðri (lið 3 og 4 í hvorum riðli) riðla þar sem allir leika við alla einfalda umferð í hvorum riðli fyrir sig. Liðin í efri riðli raðast í fjögur efstu sætin og liðin í neðri riðli í fjögur neðstu sætin
Í 10 liða deildum/örmum eru tveir riðlar með fimm liðum þar sem allir leika við alla einfalda umferð. Síðan eru spilaðir efri (1 vs. 2 og 2 vs 1) og neðri (3 vs. 4 og 4 vs. 3) krossar. Sigurvegarar í leikjum efri kross spila svo til úrslita og taparar um þriðja sæti. Sigurvegarar neðri kross spila um fimmta sæti og tapar um það sjöunda. Liðin í 5. sæti í riðlunum spila um níunda sæti.

Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

**Greinagerð og rökstuðningur**

Þessi tillaga var flutt af KA á Öldungaþingi 2014 og samþykkt en felld á BLÍ þingi því hún þótti ekki nægilega reifuð. Í kjölfarið var skipuð nefnd á vegum stjórnar BLÍ sem fór yfir þeir breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni um öldungamótið í heild sinni. Nefndin hafði ekki samband við flutningsmenn tillögunnar sem samþykkt var á Öldungaþingi 2014 og flutningsmenn þessarar tillögu, sem er sú sama og var samþykkt í fyrra (að viðbætum leiðbeiningum eða útfærslum á því hvernig skuli úr unnið eftir því sem fjöldi liða kallar á og ætti því að vera vel reifuð), telja að þeir breytingar sem nefndin gerði á grein 3.4 og stjórn BLÍ svo samþykkti gangi engan veginn nægilega langt til að taka á vandamálinu (að nýtt lið komst sem fyrst á sinn „rétta“ stað í mótinu) og skapi auk þess nýtt vandamál. Nýja vandamálið er 8 liða deild sem kemur einu liðið á „réttan“ stað ár hvert en við það falla þrjú lið úr hverri deild í öllum deildum fyrir neðan og því eitt lið í hverri deild í öllum deildum fyrir neðan færð á „rangan“ stað fyrir vikið.

Á KA-leiknum 2014 voru kvennadeildirnar 15. Nýtt lið sem byrjar keppni í mótinu, ætti að taka sæti í 15. deild. Það mundi taka liðið 14 ár að komast upp í efstu deild og almennt tekur liðin nokkur ár að komast á „réttan“ stað í mótinu. Ef keppnisfyrirkomulag væri samkvæmt tillögunni hér að ofan, þá væru deildirnar 10. Samkvæmt því væri lið sem byrjaði í tíundu deild 9 ár að komast upp í efstu deild og öll lið kæmust mun hraðar á „réttan“ stað í mótinu. Því næðist hér mun meiri möguleiki fyrir lið að vinna sig hraðar upp um deildir en bent hefur verið á að núverandi fyrirkomulag væri ekki nógu hvetjandi fyrir þau lið sem væru nýstofnuð og að byrja þátttöku í mótinu. Einkum á þetta við ef “betri lið” eru stofnuð og byrja þátttöku í mótinu í neðstu deild.

Til að tryggja að A og B armar deildanna séu álíka sterkir (þ.e. að 5A og 5B séu svipaðar að styrkleika) og til að tryggja að deildir með lægri raðtölu séu sterkari en lið með hærri raðtölu (5A sé sterkari en 7B) er liðunum raðað upp á nýtt í arma ár hvert samkvæmt úrslitum ársins á undan. Færist lið einungis upp og niður á milli arma er hætta á að í tímans rás muni annar armurinn verða mun sterkari en hinn og möguleiki á að deild 7B verði sterkari en 5A. Á hverju ári hafa liðin í sætum 2, 4 og 6 (og 8) í hvorum armi fyrir sig í hverri deild fyrir sig armaskipti (sjá dæmin í töflum hér að neðan). Neðra fallliðið flokkast í sæti 2 og efra „upplið“ (lið sem fer upp) flokkast í sæti 6. Þannig er heilmikil hreyfing á liðnum og þau alltaf að spila

við ný lið (liðin sem sitja eftir í deildunum spila bara eitt af þeim sömu frá árinu áður og lið sem fara upp og niður spila við sex ný lið ár hvert). Ef lið færast einungis upp og niður á milli arma spila liðin bara við lið úr öðrum armi deildanna og útiloka þannig um helming liðanna sem mótherja.

Dæmi

Deildir 6A og 6B árið X (núverandi ár hverju sinni) byggt á úrslitum ársins V (árið á undan). Liðin eru merkt miðað við þá deild sem þau spiluðu árið V

| 6. Deild A | 6. Deild B |
|---|---|
| Lið nr. 6 í deild 5A (efra fallliðið í d. 5A) | Lið nr. 6 í deild 5B (efra fallliðið í d. 5B) |
| Lið nr. 7 í deild 5B (neðra fallliðið í d. 5B) | Lið nr. 7 í deild 5A (neðra fallliðið í d. 5A) |
| Lið nr. 3 í deild 6A | Lið nr. 3 í deild 6B |
| Lið nr. 4 í deild 6B | Lið nr. 4 í deild 6A |
| Lið nr. 5 í deild 6A | Lið nr. 5 í deild 6B |
| Lið nr. 1 í deild 7B (efra uppliðið í d. 7B) | Lið nr. 1 í deild 7A (efra uppliðið í d. 7A) |
| Lið nr. 2 í deild 7A (neðra uppliðið í d. 7A) | Lið nr. 2 í deild 7B (neðra uppliðið í d. 7B) |

Svona myndi þetta ganga niður í gegnum allar deildir. Tvær undantekningar yrðu á þessu og það er 5. deild og svo ef það er stök neðsta deild (þ.e. deild án arma því ekki er nægilega mikið af liðum til að fylla armana).

5. deild yrði svona

| 5. Deild A | 5. Deild B |
|---|---|
| Lið nr. 6 í deild 4 (efra fallliðið í d. 4) | Lið nr. 7 í deild 4 (neðra fallliðið í d. 4) |
| Lið nr. 2 í deild 5B | Lið nr. 2 í deild 5A |
| Lið nr. 3 í deild 5A | Lið nr. 3 í deild 5B |
| Lið nr. 4 í deild 5B | Lið nr. 4 í deild 5A |
| Lið nr. 5 í deild 5A | Lið nr. 5 í deild 5B |
| Lið nr. 1 í deild 6B (efra uppliðið í d. 6B) | Lið nr. 1 í deild 6A (efra uppliðið í d. 6A) |
| Lið nr. 2 í deild 6A (neðra uppliðið í d. 6A) | Lið nr. 2 í deild 6B (neðra uppliðið í d. 6B) |

Deild Æ með tveimur örmum yrði svona

| Æ. Deild A | Æ. Deild B |
|---|---|
| Lið nr. 6 í deild ÞA (efra fallliðið í d. ÞA) | Lið nr. 6 í deild ÞB (efra fallliðið í d. ÞB) |
| Lið nr. 7 í deild ÞB (neðra fallliðið í d. ÞB) | Lið nr. 7 í deild ÞA (neðra fallliðið í d. ÞA) |

| | |
|---|---|
| Lið nr. 3 í deild ÆA | Lið nr. 3 í deild ÆB |
| Lið nr. 4 í deild ÆB | Lið nr. 4 í deild ÆA |
| Lið nr. 5 í deild ÆA | Lið nr. 5 í deild ÆB |
| Lið nr. 6 í deild ÆB* | Lið nr. 6 í deild ÆA* |
| Lið nr. 2 í deild Ö (neðra uppliðið í d. Ö)* | Lið nr. 1 í deild Ö (efra uppliðið í d. Ö)* |

Æ = neðsta deild sem er armaskipt
Þ = deildin fyrir ofan Æ
Ö = staka deildin (án arma) fyrir neðan Æ
* = Ef deild Ö er með örmum færast lið upp í deild Æ eins og sýnt er dæminu fyrir deildir 6A og 6B

Útlistunin í reglugerðinni um deildir og arma og tilfærslur þar á milli sem gerð er fyrir deild Æ í reglugerðinni miðar við að óbreyttur fjöldi skrái sig til leiks í þessar deildir árið eftir. Lið sem spila í neðstu deild/um (Æ og Ö ef deild Ö er spiluð) árið X (núverandi ár hverju sinni) geta ekki gengið að því vísu að leika í þeim deildum árið Y (árið eftir umrædda deildakeppni) sem þau unnu sér sæti til að leika í árið X einfaldlega vegna þess að fjöldi liða ársins Y er ekki vitaður fyrirfram. Þó skulu liðin sem fara upp úr deild Æ árið X alltaf spila í deild Þ árið Y.

Tilhögun á endurröðun í deildir 5 og neðar verða með eftirfarandi hætti á næsta öldungamóti (2016) samkvæmt úrslitum árið 2015
Efsta lið (efra falllið 4. deildar) í 5. deild verði í A riðli.
